

Mál nr. 73/2021

M og
V v/ frítímaslysáttryggingar.Ágreiningur um líkamstjón falli undir bótaskvið slysáttryggingar.**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 16.2.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 2.3.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M er váttryggð samkvæmt frítímaslysáttryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V. Samkvæmt tjónstilkynningu, sem mun hafa borist V 10. nóvember 2020, kveðst hún hinn 26. ágúst 2020 hafa ásamt syni sínum verið á leið út frá heimili sínu og gengið út um dyrnar og stigið í fyrstu tröppuna en muni ekki frekar hvað hafi gerst. Þá segir í tilkynningunni að hjartað hafi stoppað og „þess vegna datt ég út.“

M var flutt með sjúkrabifreið á bráðamóttöku Landspítalans. Í bráðamóttökuskrá vegna komunnar þangað segir að M hafi dottið niður tröppur heima hjá sér, taldi sig hafa rotast og man ekki mjög vel eftir atvikinu. Við skoðun kom í ljós stór margúll („hematoma“) yfir vinstri augabrun og svolítill hruflsár á enni, en augnhreyfingar reyndust í lagi („intact“). Þá segir svo, orðrétt: „Helaum yfir með/lat epicondyl á vinstri olnboga. Getur ekki extenderað að fullu. Einnig svolítið aum caput radil. Ekki önnur eymsli yfir handlegg eða hendi.“ Vegna einkenna í vinstri olnboga var ráðgert að M gengist undir aðgerð væntanlega næsta dag. Hinn 10. september 2020 leitaði M til heimilislæknis. Á samskiptaseðli vegna þeirrar komu til læknisins segir svo, orðrétt: „Hún fékk yfirlið fyrir 2 vikum. Datt og fékk mikið mar í andliti og brot á upphandlegg. Var gefinn tími í aðgerð en áður en að því kom þá leitaði hún á bráðamóttöku með hjartsláttaróreglu og reyndist vera í supraventricular tachycardiu. Innlögð. Búið að meðhöndla. Komin á Isoptin og búið að breyta Valsartan. Líklegt að þetta hafi valdið yfirliðinu. Hún fór síðan í aðgerð, settar skráfur og plötur í handlegginn og var að losna núna úr meiri umbúðum.“

Með fyrrgreindri tjónstilkynningu hefur M krafist bóta úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V vegna þess líkamstjóns sem hún hlaut við byltuna. Með bréfi V, dags. 13. nóvember 2020 hafnaði M bótaskyldu úr váttryggingunni. Í bréfinu kemur fram að samkvæmt skilmálum slysáttryggingarinnar sé með hugtakinu slys átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem váttryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum sé þess þó eingöngu krafist að um sé að ræða skyndilegan atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans. Telur V að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að skilyrði bóta samkvæmt skilmálaákvæðinu sé ekki uppfyllt „þar sem ekkert skyndilegt né utanaðkomandi verður til þess að þú dettur á leið út af heimili þínu. Innri veiklun telst ekki vera skyndileg.“ Í athugasemdum V til nefndarinnar fellst félagið á að áverki á vinstri olnboga sé bótaskyldur úr váttryggingunni en ekki áverki á andliti eða höfði.

Álit.

Líkt og að framan greinir er með hugtakinu slys samkvæmt skilmálum slysáttryggingarinnar átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem váttryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum sé þess þó eingöngu krafist að um sé að ræða skyndilegan atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans.

Samkvæmt gögnum málsins verður að telja nægilega í ljós leitt að M hafi dottið í tröppum fyrir utan heimili sitt af völdum yfirliðs sem að öllum líkindum má rekja til hjartsláttaróreglu. Verður því að telja að slysið verði ekki rakið til utanaðkomandi atburðar. Eins og slyshugtakið er skilgreint í váttryggingarskilmálunum verður því að telja að meiðsl á höfði falli utan bótaskviðs slysáttryggingarinnar. Meiðsl á vinstri olnboga falla á hinn bóginn undir slyshugtakið og teljast því bótaskyld úr váttryggingunni. Samkvæmt athugasemdum V við málskotinu hefur félagið endurskoðað afstöðu sína til bótaskyldu og fallist á að M eigi rétt á bótum úr slysáttryggingunni vegna áverkans sem hún hlaut á vinstri olnboga.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum vegna áverka á vinstri olnboga úr frítímaslysáttryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 8. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.